

Ísótóparannsókn af heilablóðflæði

Ísótóparannsóknin veitir upplýsingar um blóðflæði til heila.

Rannsóknin tekur 90-120 mínútur.

Undirbúningur

- Ekki má neyta koffíns frá miðnætti kvöldið fyrir rannsókn. Dæmi um drykki og vörur sem innihalda koffín eru kaffi, svart te, kóladrykkir, orkudrykkir og dökkt súkkulaði.
- Ekki má neyta áfengis eða nota tóbak eða aðrar vörur sem innihalda nikótín því þær hafa áhrif á blóðflæði.

Rannsóknardagur

- Borða má léttan morgunverð.
- Í rannsókninni er gefinn ísótópur í æð sem er geislavirkt efni.
- Liggja þarf kyrr á rannsóknarbedd á meðan myndavélar nema geislun frá líkamanum.



Best er að nota inngang Eiríksgrötu megin og gefa sig fram við afgreiðslu deildar 10G. Athygli er vakin á því að bílastæðin eru gjaldskyld.

Rannsóknin

- Settur æðaleggur í handlegg
- Hvíld í rökkvuðu herbergi í 15 mínútur
- Gefinn ísótópur í æðalegg
- Hvíld í 30 mínútur
- Myndataka sem tekur 30 mínútur

Eftir rannsókn

- Niðurstöður rannsóknar berast innan tveggja vikna til þess læknis sem pantaði rannsóknina.
- Þar sem geislavirkt efni er notað í rannsókninni þarf að forðast mikla snertingu við aðra í 24 klukkustundir eftir rannsóknina, meðan efnið er að fara úr líkamanum. Mikilvægt er að forðast alla snertingu við barnshafandi konur og að hafa börn í fanginu þar sem þau eru viðkvæmari fyrir geislun en fullorðnir.
- Ef fyrirhugað er að ferðast til útlanda skömmu eftir rannsókn er ráðlagt að fá vottorð til að framvísa á flugvellinum. Starfsfólk deildar veitir nánari upplýsingar um það.

Velkomið er að hafa samband ef spurningar vakna.

Röntgendeild Landspítala við Hringbraut, sími 543 5050, isotop@landspitali.is